

Alþingi
Erindi nr. P 138/297H
komudagur 10.8.2010



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 9. ágúst 2010.

Allsherjamefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Tilvísun yðar: Þskj. 1258 – 658. mál 138. löggjafarþing

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Almennt:

Eðli máls samkvæmt hefur Landssamband lögreglumanna (LL) ekki miklar né mótaðar skoðanir á öðrum ráðuneytum en þeim er beinlínis koma að málefnum lögreglu og á þeim grunni eru þessar athugasemdir byggðar.

Undanfarin misseri hefur mikil umræða verið í þjóðfélaginu um skipulagsbreytingar í lögreglu. Breytingar, sem að meginstofni til, rekja rætur sínar til þeirra breytinga sem gerðar voru á lögreglunni með niðurlagningu Rannsóknarlögreglu ríkisins og stofnun embættis Ríkislögreglustjóra á árinu 1997. Frá þeim breytingum, sem gerðar voru á lögreglunni árið 1997, hafa þó nokkrar breytingar verið gerðar á stofnanauppbyggingu hennar en kannski stærstar þær sem urðu til við fækkun og stækkun sýslumanns- og lögreglustjóraembætta árið 2007. Mjög skiptar skoðanir eru um það, meðal lögreglumanna, hvernig til hafi tekist með allar þessar breytingar en almennt séð er afstaða lögreglumanna neikvæð í þessum efnum s.s. sjá má í athugasemdum LL við þskj. 977 – 586. mál.

Í þessu samhengi er rétt að nefna það að engar opinberar athuganir eða rannsóknir virðast hafa verið gerðar á því hvernig að þessum breytingum var staðið, hvernig unnið var að útfærslu þeirra, hvernig til hafi tekist, né hvort markmiðum breytinganna er m.a. lúta að

sparnaði í rekstri hins opinbera og bættri þjónustu hinna breyttu stofnana hafi yfirhöfuð verið náð. Þannig veit enginn hver breytingakostnaður í löggæslu hefur verið á umliðnum árum, hvernig og/eða hvort sá kostnaður hefur komið niður á þjónustu lögreglunnar og þar með mögulega haft áhrif til skerðingar á löggæslu, með ófyrirsjáanlegum áhrifum til hins verra fyrir íslenskt samfélag. Þannig veit í raun enginn hvort betur hafi af stað verið farið eða heima setið. Slík vinnubrögð geta ekki talist til fyrirmyndarvinnubragða í opinberri stjórnsýslu.

Varðandi umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um sparnaðarleg áhrif þess að frumvarp þetta verði samþykkt þykir LL rétt að vekja athygli á athugasemdum sínum við umsögn fjárlagaskrifstofunnar vegna breytinga á lögreglulögum (þskj. 977 – 586 mál) sem finna má á bls. 2 – 3 í innsendum athugasemdum LL vegna þess frumvarps.

Í ljósi þeirrar staðreyndar, sem að ofan greinir, um að engar rannsóknir liggi fyrir um áhrif þeirra breytinga, fjárhagslegar eða aðrar, sem gerðar hafa verið á löggæslu á Íslandi á umliðnum árum, finnst LL það hæpið að hægt sé að setja fram þær fullyrðingar um sparnað, sem er að finna í umsögn fjárlagaskrifstofunnar það eru jú engin gögn sem liggja fyrir sem sýna fram á að hægt yrði að ná þessum markmiðum heldur miklu frekar hitt s.s. sjá má í skýrslu útgefinni af fjármálaráðuneytinu í desember 2008 „Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar“ en þar segir m.a:

„Töluvert er til af erlendu efni um sameiningu fyrirtækja en lítið virðist vera til um aðferðafræði og reynslu af sameiningu opinberra stofnana. Erlendar rannsóknir sem greint er frá í viðauka 1 benda til þess að sameiningar og aðrar meiriháttar breytingar skili sjaldan þeim árangri sem vonast er eftir eða í undir 15% tilvika. Helstu ástæður eru sagðar vera þessar:

- *Markmið og framlíðarsýn eru ekki nógu skýr eða ekki útskýrð nógu vel.*
- *Fjárhagsleg samlegð er ofmetin.*
- *Undirbúningi og skipulagningu er áfátt.*
- *Ekki tekst að kveikja nægan áhuga á sameiningunni.*
- *Starfsmannamálum er ekki sinnt nógu vel.*
- *Breytingastarfið lognast út af áður en því er lokið.*

Flestir sem taka þátt í að undirbúa og hrinda sameiningu í framkvæmd, gera slíkt aðeins einu sinni á ævinni. Þar af leiðandi nýtist þekking og reynsla sem verður til við eina sameiningu sjaldan aftur.“¹

¹ Leifur Eysteinnsson, „Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar“, bls. 5. Fjármálaráðuneytið 2008.

Í því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, er lagt til að komið verði á fót sérstöku innanríkisráðuneyti með sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Ágætlega er framsett, í athugasemdum með frumvarpinu, hver helstu rökin eru talin vera fyrir sameiningu þessara ráðuneyta. Hér telur LL rétt að benda Allsherjarnefnd sérstaklega á umsagnir sínar við:

1. Þskj. 977 – 586. mál. „Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996“, dagsett 6. maí 2010 og sérstaklega;
2. Þskj. 972 – 581. mál. „Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á varnarmálalögum nr. 34/2008“, dagsett 7. maí 2010.

Um samráð


Neðst á bls. 4, í athugasemdakafla þess frumvarps, sem hér er til umfjöllunar, má finna eftirfarandi texta:

„Mikilvægur þáttur vinnunnar verður að ræða málið við samtök sem eiga hagsmunu að gæta. Er þar sérstaklega átt við heildarsamtök svo sem í iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi, stéttarfélög, félag forstöðumanna og sveitarfélögin.“

Ofarlega á bls. 5, í athugasemdakafla frumvarpsins er svo að finna eftirfarandi texta:

„Hvað tímasetningar varðar er gert ráð fyrir að sumarið verði nýtt til samráðs þannig að ljúka megi afgreiðslu frumvarpsins í haust.“


Eins og fram kemur í athugasemdum LL við þskj. 972 – 581. mál „Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á varnarmálalögum nr. 34/2008“ (bls. 3) var ekkert samráð haft við LL við gerð þeirrar skýrslu sem lá til grundvallar því lagafrumvarpi, sem síðar varð að lögum frá Alþingi og laut að breytingum á varnarmálalögum og niðurlagningu Varnarmálastofnunar þrátt fyrir að þar væru til umfjöllunar málaflokkar sem tengjast starfsemi lögreglu mjög víða auk þess sem lagt er til í skýrslunni að lögregla taki að sér ýmis þau verkefni sem nú eru á hendi Varnarmálastofnunar. Eins og fram kemur í athugasemdakafla þess frumvarps, sem hér er til umfjöllunar og lesa má hér ofar, er skýrt tekið fram að mikilvægur þáttur vinnunnar verði að ræða málið við samtök (t.a.m. stéttarfélög) sem hagsmuna eigi að gæta. Þá er, í athugasemdakaflanum einnig fullyrt að



sumarið verði notað til samráðs. Rétt er að halda því til haga hér að EKKERT SAMRÁÐ hefur verið haft við LL vegna þeirra sameininga sem hér eru lagðar til og lúta sérstaklega að málefnum lögreglu þ.e. stofnunar innanríkisráðuneytis, með sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Í ljósi þess sem að ofan greinir og með vísan til þess að EKKERT SAMRÁÐ var haft við LL við gerð skýrslu starfshóps um öryggismál og endurskipulagningu Stjórnarráðsins, sem út kom í mars 2010 og lögð var til grundvallar lögum um breytingu á varnarmálalögum og niðurlagningu Varnarmálastofnunar getur LL því ekki annað en átalíð þessi vinnubrögð harðlega.

LL áskilur sér að lokum allan rétt til að koma að frekari ábendingum og athugasemdum á síðari stigum málsins.

F.h. Landssambands lögreglumanna



Snorri Magnússon

Formaður